Í tilefnisflokkinn **‚Andleg og félagsleg líðan‘** eru skráð þau samskipti við nemendur eða forráðamenn sem tengjast andlegri líðan nemandans. Ef nemandi er með þekktan sjúkdóm, eins og þunglyndi eða kvíða eru þau samskipti skráð undir tilefnisflokkinn ‚Langvinnur heilsuvandi.

Hjúkrunarviðfangsefnin (HV) í þessum flokki eru sett fram í stafrófsröð og eru skilgreiningar með þeim. HV í þessum flokki eru þess eðlis að nauðsynlegt er að skrá lýsingu við þau öll og oftast ætti aðeins að skrá eitt HV í sömu samskiptunum.

## Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum:

Skilgreining er gefin við hvert HV í eftirfarandi töflu og einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka‘ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

| Hjúkrunarviðf.efni (HV) | Skilgreining | Hjúkrunarmeðferð (HM) |
|---|---|---|
| ☐ **Aðlögun** | Nemandi/fjölskylda aðstoðuð við að aðlagast nýju skólaumhverfi með því að veita þeim upplýsingar og stuðning eftir þörfum. | ☑ Aðlögunarleiðir efldar<br>☐ Eftirfylgd<br>☐ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☐ Upplýsingaöflun<br>☐ Virk hlustun<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Samskipti við skólasamfélag<br>☐ Stuðningur við fjölskyldu |

| | | |
|---|---|---|
| ☐ **Almenn vanlíðan*** | Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna erfiðleika sem hafa áhrif á líðan nemandans, t.d.:<br>• Skilnaður foreldra<br>• Flutningur fjölskyldu<br>• Erfiðleikar í samskiptum við fjölskyldumeðlim<br>• Börn sem kvíða fyrir að mæta í skólann.<br>• Börn sem eiga í erfiðleikum með heimanámið.<br>• Börn sem eiga í félagslegum erfiðleikum.<br>• Vanlíðan sem erfitt er að tengja við eitthvað sérstakt | ☑ Virk hlustun<br>☑ Stuðningsviðtal<br>☑ Eftirfylgd<br>☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☐ Aðlögunarleiðir efldar<br>☐ Hvíld, umönnun, nærvera<br>☐ Kvíðagreiningaviðtal (ADIS)<br>☐ Kvíðameðferð<br>☐ Reglubundin ráðgjöf<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Sjálfsmynd efld<br>☐ Skráning<br>☐ Slökun<br>☐ Stuðningur innan skólasamfélags<br>☐ Stuðningur við fjölskyldu<br>☐ Tilvísun til nemendaverndarráðs<br>☐ Tilvísun til læknis/sálfræðings<br>☐ Tilvísun til sálfræðings |
| ☐ **Áfall*** | Samskipti við nemanda/forráðamann vegna áfalls sem nemandinn hefur orðið fyrir.<br><br>Dæmi um áföll:<br>• Dauðsfall fjölskyldumeðlims, vinar eða skólafélaga<br>• Alvarlegs slys eða lífsógnandi sjúkdómar í fjölskyldu<br>• Náttúruhamfarir | ☑ Virk hlustun<br>☑ Áfallasaga<br>☑ Áfallahjálp barns<br>☑ Eftirfylgd<br>☐ Aðlögunarleiðir efldar<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Stuðningsviðtal<br>☐ Stuðningur innan skólasamfélags<br>☐ Stuðningur við fjölskyld u<br>☐ Þátttaka á þverfaglegum fundum |
| ☐ **Fyrirspurn*** | Forráðamaður/nemandi óskar eftir upplýsingum eða hefur áhyggjur af andlegri líðan. | ☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir<br>☐ Samskipti við forráðamann |

| | | |
|---|---|---|
| ☐ **Grunur um vanrækslu*** | Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólk til barnaverndarnefndar | ☑ Samskipti við forráðamann<br>☑ Stuðningsviðtal<br>☑ Tilvísun til nemendaverndaráðs<br>☐ Stuðningur við fjölskyldu<br>☐ Tilvísun til barnaverndanefndar |
| ☐ **Hegðunarvandi** | Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna hegðunarvanda nemandans. | ☑ Ráðleggingar um meðferð og forvarnir |
| ☐ **Ofbeldi utan skólasamfélags*** | Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna ofbeldis sem nemandi hefur orðið fyrir utan skólasamfélagsins. s.s. á heimili eða orðið fyrir nauðgun.<br><br>Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi - Neyðarmóttakan | ☑ Virk hlustun<br>☑ Stuðningsviðtal<br>☑ Eftirfylgd<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Sjálfsmynd efld<br>☐ Stuðningur innan skólasamfélags<br>☐ Stuðningur við fjölskyldu<br>☐ Tilvísun til nemendaverndarráðs<br>☐ Tilvísun til barnaverndanefndar |
| ☐ **Ofbeldi/Einelti innan skólasamfélags*** | Samskipti við nemanda / forráðamann vegna eineltis og/eða ofbeldis sem nemandi hefur orðið fyrir að hálfu einhvers innan skólasamfélagsins. S.s. nemenda, kennara eða starfsfólks skóla.<br><br>Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla | ☑ Virk hlustun<br>☑ Stuðningsviðtal<br>☑ Eftirfylgd<br>☐ Samskipti við forráðamann<br>☐ Sjálfsmynd efld<br>☐ Stuðningur innan skólasamfélags<br>☐ Tilvísun til nemendaverndarráðs<br>☐ Stuðningur við fjölskyld u<br>☐ Tilvísun til barnaverndanefndar |
| ☐ **Sjálfsskaðandi hegðun*** | Samskipti við nemanda/ forráðamann vegna sjálfsskaðandi hegðunar nemandans. | ☑ Virk hlustun<br>☑ Stuðningsviðtal<br>☑ Eftirfylgd<br>☑ Samskipti við forráðamann<br>☐ Áfallasaga<br>☐ Tilvísun til læknis<br>☐ Tilvísun til sálfræðings<br>☐ Sjálfsmynd efld<br>☐ Þátttaka á þverfaglegum fundum |

| | | |
|---|---|---|
| ☐ **Annað, hvað** ☐ | Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein að ofantölu | |